



# TÁLKNAFJARÐARHREPPUR



## Fasteignagjöld 2024

### Fasteignagjöld:

Fasteignaskattur A	0,55% af húsa- og lóðamati.
Fasteignaskattur B	1,32% af húsa- og lóðamati
Fasteignaskattur C	1,65% af húsa- og lóðamati.
Vatnsgjald, íbúðir	0,28% af húsa- og lóðamati.
Vatnsgjald, atvinnuhúsnæði	0,50% af húsa- og lóðamati
Fráveitugjald, íbúðir	0,28% af húsa- og lóðamati.
Fráveitugjald, atvinnuhúsnæði	0,50% af húsa- og lóðamati.
Lóðarleiga, íbúðir	1% af lóðarmati.
Lóðarleiga, atvinnuhúsnæði	3,75% af lóðarmati.

*\*Sorpirðu og sorpeyðingargjöld byggja á Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs í Tálknafjarðarhreppi.*

Gjalddagar verða 11. Fyrsti gjalddagi 1.febrúar, síðan 1.hvers mánaðar (febrúar til desember). Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef ekki er greitt fyrir eindaga. Ef gjöld eru samtals lægri en kr. 25.000.- er um einn gjalddaga að ræða og er hann 15. febrúar. Ef álagning er kr. 500.- eða lægri verður krafan ekki innheimt. Álagningarseðlar verða EKKI sendir út en verða aðgengilegir á [island.is](http://island.is)

Vinsamlega athugið að ekki verða sendir út greiðsluseðlar nema þess sé sérstaklega óskað. Greiðsluseðlar munu birtast í heimabanka. Engin breyting verður hjá þeim sem pöntuðu seðla í fyrra. Hægt er að panta og afpanta seðla og álagningarseðla með því að hringja í síma 450-2500 á opnunartíma skrifstofu og/eða senda tölvupóst á [talknafjordur@talknafjordur.is](mailto:talknafjordur@talknafjordur.is).

Veittur verður afsláttur af fasteignaskatti til þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem eiga lögheimili í Tálknafirði og eru þinglýstir eigendur viðkomandi fasteignar og/eða geti átt rétt á vaxtabótum vegna hennar skv. B-lið 68.gr.laga nr. 90/2003 um tekju og eignaskatt. Einungis er veittur afsláttur vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Miðast afslátturinn við eftirfarandi tekjumörk liðins árs :

#### a) Ef um er að ræða einstaklinga;

- með brúttótekjur undir 4.990.724 kr. getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 4.990.724 og 6.295.215 kr. getur niðurfelling orðið 70%

#### b) Ef um er að ræða hjón;

- með brúttótekjur undir 6.930.510 kr. getur niðurfelling orðið 100%
- með brúttótekjur milli 6.930.510 – 8.813.799 kr. getur niðurfelling orðið 70%

Við álagningu fasteignagjalda er afslátturinn reiknaður út frá álagningu 2023 vegna skatttekna 2022. Vinsamlega athugið að afslátturinn verður endurreiknaður þegar skattframtal 2024 vegna skatttekna 2023 liggur fyrir.

Að öðru leyti vísast til Samþykktu um stjórn Tálknafjarðarhrepps og laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 ásamt síðari breytingum.

*Samþykkt á 624. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps, 12. desember 2023,*

*Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri*